

Alþingi
Erindi nr. Þ 128/1763
komudagur 16.4.2003



**Náttúrurannsóknastöð
við Mývatn**

Skútustaðir, 660 Reykjahlíð · Kt.: 691293-2629
Sími/fax: 464 4281 · Netfang: myvatn@rhi.hi.is
Vefsíða: www.hi.is/HI/Stofn/Myvatn

Umhverfisnefnd Alþingis

Mývatnssveit 13. apríl 2003

Hérmeð fylgir umsögn stjórnar Náttúrurannsóknastöðvarinnar við Mývatn um frumvarp til laga um verndun Mývatns og Laxár í Suður Þingeyjarsýslu, sbr. beiðni umhverfisnefndar Alþingis dagsett 18. mars 2003.

Með bestu kveðju

Dr. Árni Einarsson, forstöðumaður

UMSÖGN UM FRUMVARP

Með bréfi dagsettu 18. mars 2003 óskaði umhverfisnefnd Alþingis eftir umsögn Náttúrurannsóknastöðvarinnar við Mývatn um frumvarp til laga um verndun Mývatns og Laxár í Suður-Þingeyjarsýslu sem lagt var fram á nýloknu þingi. Stjórn Náttúrurannsóknastöðvarinnar hefur tekið málið á tveimur fundum og hefur eftirfarandi athugasemdir fram að færa.

I. Varðandi gildistöku (11. grein) og ákvæði til bráðabirgða.

Verði frumvarpið að lögum mun það minnka til mikilla muna það svæði sem nú er verndað (með núgildandi lögum um vernd Mývatns og Laxár) og mun einskorðast við Mývatn og Laxá og nærliggjandi votlendi. Friðun verður aflétt af viðáttumiklu svæði, sem hefur að geyma afar merkar jarðsöguminjar er tengjast gosvirkni á einu af örfáum rekbeltum jarðar sem eru ofansjávar.

Frumvarpið gerir ráð fyrir (6. grein) að samin verði verndaráætlun fyrir vatnasvið Mývatns og Laxár, sem nær yfir um helming þess svæðis sem áður var friðað og að friðlýsingum (skv. náttúruverndarlögum) á grundvelli hennar verði lokið rúmum þremur árum eftir að lögin tækju gildi (grein II í ákvæðum til bráðabirgða).

Á þessum liðlega þremur árum sem líða frá gildistöku laganna þar til friðlýsingar eru í höfn mun skapast óvissa um verndun og umsjón svæðisins. Mótvægisáðgerðir í 2. málsgrein í grein II í ákvæðum til bráðabirgða gera ráð fyrir að umhverfisráðherra skuli við gildistöku laganna tilkynna landeigendum, viðkomandi sveitarstjórnnum og öðrum hagsmunaaðilum um hvaða landsvæði áformað er að friðlýsa.

Náttúrurannsóknastöðin fær ekki séð að slík tilkynning umhverfisráðherra jafngildi friðlýsingu eða geti komið í veg fyrir hugsanleg spjöll á því svæði sem verndun verður aflétt af. *Það er því mat stjórnar Náttúrurannsóknastöðvarinnar, að samræma þurfi gildistökutíma laganna og tímamörk friðlýsingar.* Stjórnin gerir það að tillögu sinni að annað hvort verði gildistöku laganna frestað þar til vinnu við friðlýsingar væri lokið eða að skylt verði að leita leyfis Umhverfisstofnunar fyrir hvers konar mannvirkjagerð og jarðraski á umræddu svæði, á þessu tímabili, sbr. 3 mgr. núgildandi laga.

II. Um mörk svæðis og friðlýsingarferli. Eldfjallapjóðgarður.

1. Stjórnin vill ennfremur leyfa sér að benda á að breytingar á mörkum núverandi verndarsvæðis kunna að snerta verksvið nefndar sem vinnur nú að stofnun þjóðgarðs norðan Vatnajökuls þar sem það skerðir möguleika á tengingu slíks þjóðgarðs við gosbeltið vestan Jökulsár á Fjöllum og við Jökulsárgljúfur.

2. Stjórnin leggur til að verndaráætlun verði gerð fyrir Skútustaðahrepp í heild en ekki bundin við vatnasvið Mývatns og Laxár eingöngu, eins og gert er ráð fyrir í frumvarpinu. Byggja verði verndarstefnu á heildarsýn á jarðfræði svæðisins og binda því ekki gildissvið laganna við vatnasvið Laxár og Mývatns. Með því að láta verndaráætlun ná til alls hreppsins myndi skapast svigrúm til að þróa ELDFJALLAGARÐ á hluta gosbeltisins, svo dæmi sé nefnt, en slík hugmyndaleg umgjörð um hluta hins verndaða svæðis myndi stuðla að auknum áhuga á því.

III.

Stjórnin bendir á að ekki er unnt að ætla íbúum svæðisins að axla kostnað vegna verndunar umfram það sem almennt gerist.